

Alþingi

Erindi nr. 12813/1269

komudagur 28/3 1996

TIL UPPLÝSINGAR

Aðalfundur Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands var haldinn föstudaginn 15. mars 1996. Á honum var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

ÁLYKTUN

Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands mótmælir harðlega þeim áformum um skerðingu á ráðningarkjörum, lífeyrisréttindum og samningsrétti sem birtast í frumvarpsdrögum ríkisstjórnarinnar um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og um sáttastörf í vinnudeilum.

Félagið lýsir furðu sinni á þeim vinnubrögðum og málflutningi sem ríkisstjórnin hefur við haft í þessum málum og krefst þess að hún komi á raunverulegu samráði og samningum um þau við samtök opinberra starfsmanna.

Félagið fagnar yfirlýsingu forsætisráðherra á Alþingi, þess efnis að frumvarp um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins verði ekki þvingað í gegn á yfirstandandi þingi, en áréttar um leið kröfur sínar um að samráð verði haft við samtök starfsmanna ríkisins um öll þau réttindamál sem felast í frumvörpunum þremur.

Með vinsemd og virðingu,

stjóm KKHÍ